

Fundargerð stjórnar BÍS 25/2012.

miðvikudaginn 28. nóvember 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Umræða 1:
 - a. Landsmót skáta 2014: Samþykkt að mótið verði dagana 20.-27.júlí 2014.
 - b. Málþing um skátaheit:
 - i. Málþinginu var frestað vegna umræðna á Facebook og vegna beiðni sem barst í tölvupósti. Stjórn og starfsfólk þurfa að fara yfir það sem átti sér stað í aðdragana þessa og marka í framhaldinu stefnu um kynningu á viðburðum á vegum BÍS og notkun hinna fjölmörgu miðla sem bjóðast. HS falið að setja saman drög að vinnuferli.
 - ii. Málþing verður haldið miðvikudaginn 23.janúar kl. 20:00 í Skátamiðstöðinni.
4. Umræða 2:
 - a. Stefnumörkun BÍS og starfsáætlun 2013: BAÁ kynnti niðurstöður vinnufundarins. Mikið samræmi milli þess sem þar kom fram og stefnumótunar BÍS 2010-2014 og stefnumótunar WOSM-Europe. Skjalið samþykkt. Næstu skref eru vinna að starfs- og fjárhagsáætlun BÍS 2013.
 - b. Áherslur stjórnarfundar fram að Skátapingi: Umræðu frestað.
5. Mál til kynningar og bókunar:
 - a. Starfsyfirlit Skátamiðstöðvarinnar: Lá frammi.
 - b. Opnun móttökustöðvar í samvinnu við Endurvinnsluna: Móttökustöðin mun opna mánudaginn 3. desember kl. 12:00.
 - c. Friðarloginn: Búið er að fara árlega hringferð um landið með logann og formleg afhending fer fram á morgun í Skátamiðstöðinni.
6. Önnur mál: Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði JA.